

32

22. jan.

KONUNGSBRÉF**um setning Alþingis.**

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hér með veita yður sem forsætisráðherra Vorum, umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1938.

Gjört á Amaliuborg, 22. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

33

18. febr.

KONUNGLEG AUGLÝSING**um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.**

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér, samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hér með Vorum kærú og trúu þegnum, að hans konunglega tign, krónprins **Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg** tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 18. febrúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.